

## Stefán Halldórsson (1927-2009), bóndi Hlöðum

Afhending 2012/35

Stefán Halldórsson fæddist á Hlöðum í Hörgárdal 20. maí 1927. Hann lést á Fjórðungs-sjúkrahúsinu á Akureyri laugardaginn 4. apríl 2009. Eiginkona Stefáns var Anna Jónsdóttir fædd 10. ágúst 1927, lést þann 17. maí 2019

Stefán var bóndi á Hlöðum í Hörgárdal. Hann gegndi margskonar trúnaðarstörfum og má þar nefna hreppstjóri Glæsibæjarhrepps 1967-1997; búnaðarpingsfulltrúi 1971-1994; formaður skólanefndar Þelamerkurskóla; formaður jarðanefndar Eyjafjarðarsýslu; fulltrúi í sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu; sat í stjórn Mjólkursamlags KEA; formaður Ræktunarsambands GSÖ; sat í hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps; sat í fjölmörgum ráðum og nefndum á vegum KEA; stjórnarmaður í Sparisjóði Glæsibæjarhrepps og um tíma formaður stjórnar.

Guðrún Stefánsdóttir dóttir Stefáns afhenti skjölin þann 20.4.2012.

Aðrar afhendingar úr fórum Stefáns

2013/26

En auk þess afhenti Stefán oft skjöl sem tengjast trúnaðarstörfum hans.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

23. mars 2023

Þuríður Jóna Steinsdóttir  
skjalavörður

## Geymsluskrá

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

2012 / 35

## A-Stefán Halldórsson

## A-Stefán Halldórsson

1907 - 2003

A	1	1	1907 - 2000	KEA-gögn m.a: reglugerð, mótmælabréf, stefnuskjal, fréttabréf og fylgibréf, sláturblað, samþykktir, fundargerðir, félagstíðindi og ársskýrslur.
A	1	2	1979 - 1993	Bréf frá skipulagi ríkisins dagsett 19.11.1979 með fundargerð, meðfylgjandi eru uppdættir er sýna friðlýstar minjar og náttúruminjar á Eyjafjarðarsvæði. Gögn um jörðina Leyning í Eyjafjarðarsveit m.a. gögn er varða úrskurð vegna kæru, fylgibréf og rekstraráætlun.
A	1	3	1980 - 1980	Ræða flutt við vígsluathöfn Mjólkursamlags KEA; frásögn um starfsemi Rjómabús Möðruvalla: handskrifaðir textar v. félagsmál bænda; frásögn af ferð til Húttara.
A	1	4	1978 - 1984	Gögn tengd Osta- og smjörölan sf.: samþykktir; ársskýrsla; fundargerð og tillaga frá Kristófer Kristjánssyni.
A	1	5	1986 - 1994	Landbúnaðargögn: Þingskjöl frá búnaðarþingum; frumvarp til búfjarræktarlags; tollflokkar landbúnaðarafurða; bréf til utanríkisnefndar Alþingis frá Stéttarsambandi bænda og Búnaðarfélagi Íslands; viðræður um landbúnaðarmál í EES samningum; áætlun á framlögum. Fundargerðir frá stjórn Búnaðarfélags Íslands.
A	2	1	1978 - 1990	Gögn tengd álveri á Eyjafjarðarsvæðinu: Rannsóknir um áhrif mengunar; Umhverfisathuganir í Eyjafirði; Verkefni um stofnun og þróun smáfyrirtækja; iðnaðarlög; þingsályktun um iðnaðarstefnu; fundargerð: samráðshópur um gerð dreifingarspár um loftmengun frá álveri er rísi við Dysnes í Eyjafirði.
A	2	2	1964 - 2003	Búnaðarsamband Eyjafjarðar: skýrslur stjórnar; fundargerð aðalfundar; ársskýrsla; drög að umhverfisstefnu; fundarboð til mjólkurframleiðanda í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum.
A	2	3	1962 - 1992	Viðbætur við Markaskrá: Sauðfjármörk; innlagnarnúmer; Tillaga að framtíðarskipulagi landbúnaðar í Eyjafirði; handskrifuð frásögn af ferð til Bandaríkjanna; handskrifuð staka; ýmis bréf til Stefáns; virðingagjörð vegna lántöku hjá stofnlánadeild landbúnaðarins; Ársskýrsla Skógræktarfélags Eyfirðinga (1980); uppdættir að Eyjafirði; viðskiptasamningur Auðhumlu svf; bréfsefni jarðanefndar Eyjafjarðar; tillaga til rökstuddrar dagskrár á löggjafarþingi; Álitsgerð um eignarhald og fjárhagslegt sjálfstæði mjólkurstöðva; Ræktun útmatjurta; frásögn um Gunnarsholt á Rangárvöllum